

**Ed.**

**495. Nefndarállt**

um frv. til laga um útsvör.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Allsherjarnefndin hefir ekki getað fylgst öll að í máli þessu.

Við undirritaðir leyfum okkur að leggja það til við háttv. deild, að frv. verði samþ. óbreytt eins og það kom frá háttv. Nd.

Meðnefndarmaður okkar, háttv. þm. A.-Húnv. (Guðm. Ó.) mun hinsvegar gera grein fyrir álitinu sinu sjerstaklega og bera fram brtt. við frv.

Fr. þetta er borið fram af hæstv. stjórn, eftir áskorun síðasta Alþingis, og hefir verið til meðferðar í Nd. frá þingbyrjun þar til það kom hingað til deildarinnar fyrir skömmu og var þá vísað til allsherjarnefndar.

Það er nú að vísu engin furða, þótt málið væri lengi á leiðinni í háttv. Nd., þar eð það er mjög umfangsmikið og ákvæði þess snerta allan þorra landsmanna, þeirra, er til vits og ára eru komnir. Hinsvegar hefir allsherjarnefnd Nd., líkt og allsherjarnefnd þessarar deildar, verið ærnum störfum hlaðin. Þar við bættist, að frv. kom úr nefnd í Nd. um líkt leyti og fjárlagafrv., er var látið ganga fyrir þessu frv., og ennfremur að í deildinni kom fram, sem vænta mátti, mesti aragrúi af breytingartillögum, enda þótt fæstar þeirra næðu fram að ganga, sennilega af því, að háttv. þm. í Nd. hafa fundið, þegar til kastanna kom, að erfitt var að finna að óreyndu önnur betri eða hentari ákvæði en frv. hafði að geyma.

Það verður nú afdráttarlaust að viðurkenna það, að tími sá, sem allsherjarnefnd Ed. hefir haft til meðferðar frumvarpsins, hafi verið býsna naumur, ekki síst vegna þess, að allir þeir menn, sem í allsherjarnefndinni eru, sitja og í fjárveitinganefnd deildarinnar og hafa því haft fjárlagafrumvarpið, auk fleiri mála, til meðferðar samtímis þessu máli. Hins vegar er nú svo langt liðið á þingið, að málið verður að fara að koma úr nefnd, ef þess á að vera nokkur von, að það nái fram að ganga. En það teljum við næsta mikilvert, að gæti orðið, vegna þeirra þýðingarmiklu umbóta, sem frv. gerir á útsvarsmálunum. Ef frumvarpið dagaði uppi í ár, yrði ekki að lögum, en núverandi ástand hjeldist óbreytt, þá hikum við ekki við að telja það illa farið. Því þótt einhverjir gallar kunni að reynast á frumvarpinu, þegar það kemur til framkvæmda sem lög — sem vitanlega er ómögulegt fyrir fram að neita að kunni að verða — þá er miklu auðveldara að bæta úr þeim, þegar reynslan er búin að leiða þá í ljós, heldur en á meðan hún er ekki fengin. Hinsvegar liggur það í augum uppi, að seint muni 42 menn verða samdóma um öll ákvæði slíks frumvarps sem þessa og að sitt muni jafnan sýnast hverjum um einstök ákvæði, eins og t. d. um það, hvort reikningsárið í sveitum á að vera almanaksárið eða fardagaárið.

Aðalkosti þessa frumvarps teljum við þá, að það safnar saman á einn stað öllum lagaákvæðum um útsvör fyrir allt landið, og að það samræmir þessi ákvæði.

Nú er þessi ákvæði að finna í sveitarstjórnarlögunum frá 1905 og hinum mörgu breytingum, sem á þeim eru orðnar, og í lögunum fyrir kaupstaðina 7, og hefir þeim öllum verið breytt síðan þau voru fyrst sett, og sumum mörgum sinnum, jafnvel ár eftir ár (Siglufjörður). — Nú eru og ákvæðin um útsvarsskyldu í sveitum og kaupstöðum næsta ólík og mismunandi í hinum ýmsu kaupstöðum. Verður það að teljast stappa nærri óhæfu, að ákvæðin um útsvarsskyldu skuli vera svo ólík á ýmsum stöðum í landinu. Þá er og eftir nógildandi löggjöf víða gengið alt of langt í því að leggja útsvör á menn utan heimilis þeirra. Á Siglufirði má utanbæjarmaður nú t. d. ekki salta eina síld-

artunnu eða bræða eina tunnu af lifur án þess að verða sjerstaklega útsvarsskyldur þar (sbr. lög nr. 58 1919, 19. gr.). Eftir frv. því, sem hér liggur fyrir, er þessi starfsemi að visu útsvarsskyld, en ekki sjerstaklega á þeim stað, sem hún er rekin. Og ekkert tillit mundi verða tekið til starfseminnar í heimasveitinni, ef hún næmi ekki meiru en hér er gert ráð fyrir, eða ef af henni yrði enginn hagnaður. En væri um eitthvað verulegt að ræða, kæmi það vitanlega til greina, eins og líka rjett er.

Þessa kosti frv., sem nú hafa verið nefndir, teljum við svo þýðingarmikla, að við hikum ekki við að ráða háttv. deild til að samþykkja það óbreytt og munum greiða atkvæði gegn öllum breytingartillögum við það, aðallega af ótta við það, að breytingar á frv. mundu verða því valdandi, að það dagaði uppi og næði ekki fram að þessu sinni.

Alþingi, 5. maí 1926.

Jóh. Jóhannesson,  
form.

Eggert Pálsson,  
fundaskr. og frsm. meiri hl.